

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtð það Thomsen kaupmanni, að dómsmálastjórninni ekki þykir ástæða til að skýra á nokkurn hátt frá álitinu sínu um málefni þetta, með því það, ef til þess kemur, heyrir undir úrlausn dómstólanna.

1864.
21. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun til meðdómsmanna.

21. júlí.

Eptir að þér, herra amtdaður, höfðuð beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til að láta borga úr hlutaðeiganda umboðssjóði til meðdómsmannanna í málinu um hið svo kallaða Víðisdalsfjall upphæð nokkurra reikninga frá þeim, 95 rd., fyrir ferðir þeirra og ómak þegar málið var dæmt í héraði, skýrði stjórnarráðið yður frá í bréfi 5. dag júlím. 1861, að þareð meðdómsmenn ekki eigi heimting á neinni borgun fyrir ómak sitt í opinberum málum, og þeim eptir kansellíbréfi 9. d. júním. 1838, smbr. aukatekjureglugjörð 10. d. septemberm. 1830 63. og 75. gr., aðeins verði veitt endurgjald fyrir ferðakostnað þegar þeir hafa orðið að fara nokkuð langan veg, yrði að útvega skýrslu um, hversu langan veg hlutaðeigendur hafi þurft að fara vegna dómsins í máli þessu, og svo yrði einnig að senda hingað greinilega reikninga yfir ferðakostnað þeirra.

Síðan hafið þér, herra amtdaður, 8. d. febrúarm. þ. á. sent stjórnarráðinu bréf frá meðdómsmönnum, ásamt með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns; skýra þeir þar frá, að í máli þessu hafi verið nauðsyn á að taka meðdómsmenn úr ýmsum fjarlægum hreppum, og sè fyrir þá sök ferðakostnaður þeirra hærri en vandi sè til; en um vegalengdina skýrskota þeir til athugasemda þeirra, er sýslumaðurinn hafði ritað á reikningana, og lýsa því yfir, að þeir hafi ekki tilfært í reikningum sínum önnur gjöld en þau, er þeir í raun og veru hafi orðið að greiða, og treysti þeir sèr því ekki til að semja aðra reikninga en hina fyrri, og senda þá því aptur. Þér hafið,

1864.
21. júlí.

herra amtmaður, vottað, að það sé satt, að kjósa hafi orðið meðdómsmenn utan þeirrar sóknar, þarsem Ólsen umboðsmaður átti heima, og getið þess, að þér séuð sannfærðir um, að reikningarnir séu mjög sanngjarnir, og aðeins fari fram á lítilfjörlegt endurgjald fyrir það, er meðdómsmennirnir hafi orðið til að kosta.

Um leið og dómsmálastjórnin nú sendir yður aptur reikningana, kunngjörir hún yður, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörði frekari ráðstafanir í þessu efni, að stjórnarráðið samkvæmt því, sem tekið er fram í bréfi þess 5. dag júlím. 1861, verður að ítreka það, að mennirnir eigi geta átt heimting á borgun fyrir ómak það, er þeir hafa haft við að dæma í máli þessu, heldur aðeins á endurgjaldi fyrir það, er þeir í raun og veru hafa kostað til ferða sinna, en felur yður, herra amtmaður, að leggja úrskurð á hvern einstakan lið í reikningunum þessu samkvæmt og að hlutast síðan til um, að þeir verði borgaðir.

21. júlí.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hvernig greiða skuli tillag til amtsjafnaðarsjóðsins af Reykjavíkur bæ.

Eptir að dómsmálastjórninni hafði borizt bænarskrá frá bæjarfulltrúunum í Reykjavíkur kaupstað um, að tillag bæjarins til amtsjafnaðarsjóðsins verði framvegis goldið og heimtað í Reykjavík á sama hátt og í öðrum lögsagnarumdæmum í amtinu, það er af tífundarbæru lausafé eingöngu, en nú sé það greitt úr bæjarsjóðnum með upphæð, er amtmaður ákveði eptir hlutfalli við hin lögsagnarumdæmin, beiddist stjórnarráðið skýrslu um, eptir hverjum reglum það sé nú reiknað út, hversu hátt tillag Reykjavíks á ári hverju á að greiða til amtsjafnaðarsjóðsins, og svöruðuð þér þeirri spurning á þann veg, að regla sú, sem tillag þetta sé ákveðið eptir, sé aðeins byggð á áliti amtsins og fari eptir þeirri upphæð, sem ætlazt er á, að alls muni þurfa til gjalda jafnaðarsjóðsins allt árið, en ekki sé fylgt neinni fastri